

Svar

**forsætisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni
um lögbundin verkefni ríkislögmanns.**

- Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir ríkislögmaður?*

Um lögbundin verkefni ríkislögmanns er kveðið á um í lögum um ríkislögmann, nr. 51/1985.

- Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna ríkislögmanns og hver er áætladur kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til ríkislögmanns samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 er 200,9 millj. kr. vegna ársins 2020 og er nýtt til að sinna lögbundnum verkefnum embættisins. Kostnaði er ekki deilt niður á hvert lögbundið verkefni í fjárlögum heldur er gerð grein fyrir skiptingu fjárheimilda málefnasviða og málaflokka í fjárlögum niður á stofnanir og sérstök verkefni í fylgiriti fjárlaga. Embætti ríkislögmanns heyrir undir málefnasvið 09 *Almanna- og réttaröryggi* og málaflokk 09.30 *Ákæruvald og réttarvarsla*.